

Íslensk- pólsk, pólsk- íslensk barnaorðabók

árið 2019-2020

Styrkþegi og ábyrgð: Marta Sigurjónsdóttir

GRV

Tilgangur verkefnisins var að útbúa námsefni sem hjálpar pólskum nemendum við nám sitt og við að læra nýtt tungumál. Verkefnið er barnaorðabók sem hæfir börnum á grunnskólastigi. Hún inniheldur stærra letur en í klassískum orðabókum og einfaldar myndir. Markmiðið var að hún nýtist nemendum af erlendum uppruna sem stuðningur við nám sitt í íslensku sem öðru tungumáli. Einnig að hún geri það að verkum að þessir nemendur geti eytt meiri tíma inni í bekk með samnemendum sínum og unnið sjálfstætt einstaklingsmiðuð verkefni í íslensku.

Við gerð barnaorðabókarinnar varð pappír fyrir valinu á uppsetningu hennar vegna þess að ég vil að nemendur noti skynjunarfærin sín með því að fletta upp í bók og leita að orðum. Ég hef séð í starfi mínu sem kennari að netsamband getur verið hverfult. Kennsla nemenda nær oft að einhverju leyti út fyrir skólastofuna og erfiðara er að treysta einungis á tæknina í þeim tilvikum. Bókin er barnvænlegri heldur en orðabækur á netinu þar sem oftast en ekki kemur heil síða á skjánum af orðinu sem verið er að leita að í misjöfnum orðasamböndum sem er auðskiljanlegt fyrir fullorðinn einstakling en ekki jafn auðskiljanlegt fyrir barn. Sem dæmi má nefna Glosbe en ég nýtti mér hana ásamt öðrum orðabókum á netinu við vinnu mína við gerð orðabókarinnar en hún getur verið heldur flókin fyrir unga nemendur.

Hugmyndin að uppsetningu barnaorðabókarinnar er komin að einhverju leyti frá enskri-íslenskri barnaorðabók. Í þeirri bók er letrið stærra og hún inniheldur myndir en það er mjög frábrugðið því sem sést í almennum orðabókum. Barnaorðabókin er þannig uppbyggð að hún inniheldur aðallega nafnorð, fyrir utan tvær blaðsíður sem innihalda algeng sagnorð og algeng lýsingarorð. Hún er að mestu byggð á nafnorðum vegna þess að ég vil hafa bókina einfalda og ef ég færi út fyrir þann ramma myndi ég enda með almenna þykka orðabók sem er ekki barnvæn. Hún er hugsuð sem bók fyrir byrjendur í íslensku sem öðru tungumáli og með því að hafa einungis nafnorð í aðalhlutanum og sagnorðin og lýsingarorðin á öðrum stað í bókinni gerir nemandinn betri greinarmun á þessum orðum og notkun þeirra.

Þegar komið var að prentun og styrkur hafði verið veittur fékk ég tilboð frá prentsmiðjum. Ég hafði samband við fimm prentsmiðjur og valdi að lokum Prentun.is-Leturprent. Ég fékk nokkrar prufur og eftir ýmsar lagfæringar voru prentaðar 200 bækur. Bókin er virkilega falleg og á vonandi eftir að gagnast mörgum með pólskan uppruna.

Bókin hefur farið vel af stað í sölu, bæði í skóla og einnig til pólska samfélagsins.

Ráðstöfun styrks

Pixel ehf

prufueintak 27. október 2020	6000.-
------------------------------	--------

Prentun, leturprent

prufueintak 19. október 2020	11,160.-
------------------------------	----------

1. prentun 17. nóvember 2020	172,360.-
------------------------------	-----------

2. prentun	110,480
------------	---------

